

Gjaldskráin þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 61/2003 og var samþykkt í hafnarnefnd Austurbyggðar 17. nóvember 2004.

Fáskrúðsfirði, 14. janúar 2005.

F.h. hafnarnefndar Austurbyggðar,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Suðurbyggðar, íbúðarhverfi B á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. janúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð í Suðurbyggð B á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 12. október 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 22. október 2004 til og með 19. nóvember 2004 með athugasemdafresti til og með 3. desember 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskiplagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 17. janúar 2005.

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingadeild.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundarbyggðar á Arnarstapa í Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. desember 2004 deiliskipulag frístundarbyggðar á Arnarstapa í Snæfellsbæ. Deiliskipulagið er fyrir frístundarbyggð fyrir allt að 38 frístundarhúsaloðir. Á hverri lóð er heimilt að reisa aðalhús og aukahús sem samtals geta orðið allt að 120 fermetrar. Deiliskipulagssvæðið liggur austan við Útnesveg og norðan við Arnarbraut.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 13. janúar 2005.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri.